

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/1112
komudagur 11. 3. 2002

Djúpárhreppur

Samkomuhúsi Þykkvabæjar, 851 Hella.
s-487-5639 fax 487-5611 gsm 861-5639

Þykkvabæ 10. mars 2002.

Umhverfisnefnd Alþingis, b.t. Helgu E. Þórisdóttur.

Varðar; Umsögn Djúpárhrepps um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál heildarlög.

Sveitarstjórn Djúpárhrepps tók fyrir áðurgreint málefni á fundi 5. mars sl. Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar að hálfu sveitarstjórnarmanna í Djúpárhreppi: **14. grein**, hér hlýtur að vera átt við heilbrigðisnefnd en ekki heilbrigðisfulltrúa. (það er heilbrigðisnefnd á hverju svæði sem ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess) **20. grein**, athuga þarf hvort þessi grein stenst stjórnsýslulög, þ.e. samkvæmt henni er Hollustuvernd sett ofar stjórnsýsluaðilum sem fyrir eru. (sveitarstjórnir og Sýslumenn) **22. grein**, Ef starfsleyfi er útgefið af heilbrigðisnefnd, ber heilbrigðisnefnd að afturkalla leyfið. (sjá lög nr. 7/1998) Í lögnum nr. 7/1998 er mjög skýrt kveðið á um verkaskiptingu þessara tveggja aðila hvað varðar útgáfu starfsleyfa. (sjá fylgiskjal með lögum. nr. 7/1998)

Virðingarfyllst f.h. Djúpárhrepps,


Óddviti

Frumrit póstsent